



SKN-08	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2018		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: MF		
Síða 1 af 2		
<b>Fundargerð Skólanefndar # 09</b>		
<b>20. febrúar 2019</b>		

<b>Mættir:</b>	Margrét Friðriksdóttir skólameistari, Flosa Eiríkssonar formaður skólanefndar, Guðmundur Birkir Þorkelsson, María Guðjónsdóttir, Andri Steinn Hilmarsson, Jón Guðlaugur Magnússon, Gerður Bjarnadóttir fulltrúi kennara, Snorri Sævar Konráðsson fulltrúi nemenda	
<b>Forfallaðir:</b>	Magnea Lilly Friðgeirsdóttir, Steinþór Jónsson, Sigríður H. Hrafnkelsdóttir fulltrúi foreldra,	
<b>Staður:</b>	<b>Fundarherbergi N-101</b>	
<b>Tími:</b>	<b>Kl. 12:00-13:10</b>	<b>Dags.: 20. febrúar 2019</b>

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
1.	Flosi Eiríksson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.  <b>Ársskýrsla 2018</b> Fundarmenn höfðu fengið drög að ársskýrslu skólans senda fyrir fundinn. Skólameistari fór yfir helstu efnisþætti skýrslunnar s.s. hlutverk, markmið og stefnur skólans, námsframboð og fjölda nemenda eftir námsbrautum og kyni, innritaða nemendur og fjölda útskrifaðra, fjölda kennara og starfsmanna, brottfall og leiðir til að sporna við því, forvarnarstarf, foreldrasamstarf, félagslíf nemenda, fjölmenningsstefnu og stuðning við nemendur af erlendum uppruna, skipulag náms og kennslu auk gæðastarfs skv. ISO 9001 og HACCAP. Einnig kvöldnám skólans og starfsbraut fyrir einhverfa nemendur auk kennslu skólans í Krísuvík svo helstu þættir ársskýrslu séu nefndir.  Mikil umræða var meðal skólanefndarmanna um skýrsluna og lýstu fundarmenn yfir ánægju sinni með greinargóða og efnismikla ársskýrslu.	FE  MF	1 mín.  40 mín.
2	<b>Fjárhagsuppgjör ársins 2018 - drög</b>		
	Ekki liggur fyrir uppgjör ársins frá Fjársýslu ríkisins en skv. bókhaldsuppgjöri skólans vor tekjur skólans á árinu 2018 kr. 1.398.864.032,- þar af framlag ríkissjóðs til rekstrar kr. 1.278.154.454. Laun og rekstrarkostnaður ársins var kr. 1.396.376.828,- afgangur af rekstri var því	MF/FE	15 mín.

SKN-08	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 2018		
Höfundur: MLF		
Samþykkt: MF		
Síða 2 af 2		
<b>Fundargerð Skólanefndar # 09</b>		
<b>20. febrúar 2019</b>		

Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	<p>kr. 2.487.204,-.</p> <p>Fram kom hjá formanni að í framhaldi af fundi hans og skólameistara með mennta- og menningarmálaráðuneyti fékk skólinn kr. 20.000.000,- í styrk vegna endurnýjunar á kennslueldhúsum skólans.</p> <p>Endanlegur ársreikningur skólans fyrir árið 2018 verður sendur á skólanefndarmenn um leið og hann berst frá Fjársýslu ríkisins.</p>		
<b>3.</b>	<b>Walk a mile – þróunarverkefni á starfsbraut</b>		
	<p>Starfsmenn og nemendur á starfsbraut fyrir einhverfa nemendur eru að hefja þátttöku í verkefni sem kemur frá Skotlandi um daglega hreyfingu nemenda. Nemendur á starfsbraut munu ganga í a.m.k. 15 mínútur daglega og er þetta mikil bót fyrir nemana sem ekki hafa tekið þátt í mikilli hreyfingu. Sum þeirra fari í Sporthúsið undir stjórn kennara á brautinni en þetta verkefni er til viðbótar. Starfsmenn á brautinni munu fara til Edinborgar/Stirling til að kynna sér verkefnið enn frekar 23.-26. febrúar n.k.</p>	<b>MF</b>	<b>10 mín.</b>
<b>4.</b>	<b>Önnur mál</b>		<b>5 mín.</b>
	<b>Opið hús verður í MK 28. mars.</b>		
	<b>Fundi slitið:</b> Formaður sleit fundi kl. 13:10.	<b>FE</b>	<b>15 sek.</b>